



Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

Mars 2015

Stjórnarfundur í foreldrafélagi Sunnulækjarskóla 4. mars 2015 kl. 17:45

Mætt: Hanna Rut, Inga Dóra, María og Aðalbjörg
Fjarverandi: Rakel, Karl Óskar og Álfheiður

Rætt um síðasta fund Samborgar, samráðsfélag foreldrafélaga í Árborg, sem haldinn var í Sunnulækjarskóla í febrúar sl. Foreldrafélögin hafa valið hvert sitt áhersluverkefni og kom verkefnið; „endurvekja foreldrarölt í sveitarfélaginu“ í hlut Sunnulækjarskóla. Búið er að funda með Gunnari forvarnarfulltrúa og hann kom einnig inn á fund Samborgar. Fyrirhugaður er kynningarfundur sveitarfélagsins núna í mars varðandi vinnuhóp sem hefur starfað í vetur um frístundamál og þá verði á sama tíma kynntar áherslur sveitarfélagsins á endurvakningu foreldrarölsins.

Rætt um að fá fund með Birgi og deildarstjórum fljótlega eftir páska.

Mál sem þarf að ræða, m.a:

- Frímínútur og gæsla í þeim.
- 10. Bekkjarverkefni, styrkur foreldrafélagsins vegna framlags nemenda við aðstoð í frímínútum, hvernig hefur þetta verkefni gengið í vetur? Hugmynd um að gera einhverskonar áþreifanlegan samning um málið til að það nái betri sessi.
- Hvernig er reynslan af heyrnarhlífum?
- Auglýsingar frá íþrótt- og tómstundafélögum vegna fjáröflunarsamkoma, auglýstar inni í bekkjum





Gættu að hvað þú gerir á Netinu! Það sjá það allir

Netið er stórkostlegur upplýsinga- og samskiptamiðill með óendanlega möguleika. Notum það ekki til að meiða og særa annað fólk og höfum ávallt í huga að allt sem við setjum á Netið endurspeglar hver við erum – og er öllum opið, alltaf.

- Í vor fara 3-4 úr stjórn foreldrafélagsins og því þarf að huga að endurnýjun. Áhugasamir geti gefið sig fram við núverandi stjórn eða við skólastjórnendur.

Óáængjuraddir hafa heyrst vegna sl. viku þegar starfsdagar og vetrarfrí voru í sömu viku.

Að lokum sagði Hanna stuttlega frá skólaráðsfundi sem hún var nýkomin af.

Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn þriðjudaginn 19. Maí kl. 20. Þurfum að muna að senda fundarboð á leikskólastjóra í sveitarfélaginu tímanlega fyrir fundinn til að boða nýja foreldra þ.e. sem munu eiga börn í 1. Bekk næsta vetur á aðalfundinn.

Næsti stjórnarfundur verði haldinn 29. Apríl kl. 20.

Fundi slitið kl. 19.

